

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 18. maí 2021

Mál nr. S-3334/2020:

## Lögrelustjórinn á Suðurnesjum

(Ásmundur Jónsson saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

### Dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl 2021, höfðaði lögrelustjórinn á Suðurnesjum með ákæru 14. desember 2020 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...];

„fyrir líkamsárás, með því að hafa, þann 3. febrúar 2019, að [...], [...], ítrekað ýtt barnsmóður sinni og þáverandi sambýliskonu Y, kt. [...], þannig að hún lenti ítrekað utan í veggjum íbúðarinnar og í kjölfar þess ýtt kröftuglega á baðherbergishurð sem Y stóð og hélt við með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig og lenti á vinstri hlið líkamans en í fallinu bar Y fyrir sig vinstri höndina og hlaut brot á neðri enda sveifar (radius) og alnar (processus styloideus ulna).

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu Y, kt. [...], er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 1.550.000,- með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. febrúar 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.“

Kröfur ákærða eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og bótakröfu brotþola vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög

leyfa og að krafa brotþola verði stórlega lækkuð. Þá krefst verjandi ákærða þóknunar sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

## I

Samkvæmt frumskýrslu málsins barst lögreglu tilkynning aðfaranótt 3. febrúar 2019, um kl. 04:34, frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um „heimilisófrið“ að [...] á [...]. Þegar lögreglumenn komu á vettvang heyrðu þeir „mikil öskur og óp“ berast frá íbúð á jarðhæð hússins. Inni í íbúðinni hitti lögregla fyrir tilkynnanda, brotþola í málinu, og ákærða, sambýlismann og barnsföður hennar. Brotþoli er í frumskýrslu lögreglu sögð hafa verið mjög smeyk að sjá, hún verið í miklu uppnámi og grátbólgin. Ákærði hafi einnig verið í uppnámi og hann borið brotþola þeim sökum að hafa gengið berserksgang í íbúðinni. Mikil óreiða hafi verið í íbúðinni og sjáanleg ummerki um að átök hefðu átt sér þar stað. Þannig hafi húsgögn og fatnaður verið á víð og dreif, búið hafi verið að rífa hurðir af skápum og fataskápur í svefnherbergi verið gjörónýtur.

Lögregla ræddi við ákærða á vettvangi. Í frumskýrslu er eftir honum haft að komið hefði til deilna á milli hans og brotþola. Rífrildið hefði endað með því að brotþoli hefði lagt íbúðina í rúst. Hún hefði einnig ráðist á ákærða og slegið hann ítrekað.

Lögregla ræddi jafnframt við brotþola í íbúðinni. Lýsti hún atvikum með allt öðrum hætti en ákærði. Hún bar að þegar hún og ákærði hefðu verið að fara að sofa um nóttina hefði ákærði tekið að bera á hana ósannar sakir og niðurlægja hana. Í kjölfarið hefði hann hreinsað út úr skápum í svefnherberginu, á ganginum og að hluta til í eldhúsi. Ákærði hefði einnig kastað hlutum um alla íbúð og hefðu sumir þeirra lent á brotþola. Hann hefði síðan hent brotþola utan í vegg og dyrakarma í íbúðinni. Þegar þau hefðu verið inni á baðherbergi hefði brotþoli reynt að stöðva framgöngu ákærða með því að setja framhandlegg á bringu hans og halda honum þannig upp við vegg. Ákærði hefði þá hent brotþola í gólfið og hefði hún meiðst á vinstri hendi við fallið. Eftir þetta atvik hefði brotþoli ákveðið að kalla eftir aðstoð lögreglu. Fram kom hjá brotþola að ákærði hefði aldrei áður sýnt af sér framkomu eins og þessa.

Skömmu eftir hádegi sama dag tók lögregla framburðarskýrslu af ákærða vegna málsins eftir dvöl í fangaklefa. Ákærði skýrði þá svo frá að kvöldið hefði verið frábært en þegar hann og brotþoli hefðu komið heim hefði eitthvað „smollið“ hjá honum. Á hann hefði skyndilega runnið æði og hann farið að skemma húsbúnað. Ákærði hefði síðan reynt að loka sig inni á baðherbergi en brotþoli reynt að stöðva hann. Ákærði hefði

þá ýtt henni frá með baðherbergishurðinni og farið fram aftur. Því næst hefði hann ýtt brotaþola frá sér með þeim afleiðingum að hún féll í gólfið og slasaðist.

Hinn 23. október 2020 tók lögregla skýrslu af brotaþola. Við skýrslugjöfina bar brotaþoli að þau ákærði hefðu bæði verið undir áhrifum áfengis er atvik máls gerðust. Brotaþoli sagði þau hafa farið út að skemmta sér um kvöldið. Eftir að heim var komið hefði ákærði orðið reiður og hann ásakað brotaþola um að vera honum ótrú. Þau hefðu farið að rífast í kjölfarið og æði runnið á ákærða. Hann hefði rústað íbúðinni og kastað hlutum í brotaþola. Hann hefði einnig ítrekað hent henni til. Brotaþoli hefði farið inn á baðherbergi og reynt að loka að sér en ákærði þá ýtt í hurðina með þeim afleiðingum að brotaþoli féll aftur fyrir sig. Hún hefði lent á vinstri hendinni í fallinu. Við það hefði höndin brotnað. Það kvaðst brotaþoli strax hafa fundið.

Undir rannsókn málsins aflaði lögregla læknisvottorðs vegna áverka brotaþola. Í framlögðu vottorði A, sérfræðings í heimilislækningum, dagsettu 2. apríl 2020, kemur fram að brotaþoli hafi leitað á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 3. febrúar 2019. Í læknanótu sem þá var rituð kemur fram sú lýsing brotaþola á málsatvikum að hún hafi verið úti að skemmta sér með unnusta sínum. Þegar heim var komið hefði unnustinn hrint brotaþola sem við það hafi dottið aftur á bak og borið vinstri höndina fyrir sig í fallinu. Við röntgenmyndatöku hafi komið í ljós „... nær ódislocerað brot distalt í radius. Mögulega lítill afrifuflasski frá processus styloideus ulna.“ Í niðurlagi vottorðsins er að finna svohljóðandi samantekt: „Y leitar á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja þann 3.2.19 skv. lýsingu í lið 1. Í kjölfarið úlnliðsbrotnar hún vinstra megin með ótilfærðu broti. ... Almennt eru batahorfur nokkuð góðar við slíkt úlnliðsbrot hjá svona ungri stúlku sem er ótilfært og einnig hefur hún ekkert komið síðan þetta gerðist vegna þessa atviks og kvartað undan eftirköstum vegna þessa.“

Rannsókn málsins lauk í október 2020. Ákæra var síðan gefin út á hendur ákærða 14. desember sama ár.

## II

Við fyrirtöku málsins 19. febrúar 2021 neitaði ákærði sök og hafnaði bótakröfu brotaþola. Hann ítrekaði þá afstöðu sína við aðalmeðferð málsins.

Fram kom í upphafi skýrslu ákærða fyrir dómi að hann og brotaþoli hefðu búið saman um tíma að [...] í [...]. Þá ættu þau tvö börn saman.

Ákærði lýsti málsatvikum svo að hann og brotaþoli hefðu verið að skemmta sér umrætt kvöld í miðbæ Reykjavíkur og kvaðst ákærði hafa orðið talsvert ölvaður. Þegar

heim var komið um nóttina hefði hann farið að hugleiða ýmislegt sem hafði gerst í sambandi þeirra brotþola. Við þær hugsanir hefði ákærði komist í uppnám og á hann runnið einhvers konar ölaði. Hann hefði í kjölfarið skemmt ýmsa innanstokksmuni, rífið út skúffur, slítið hurðir af skápum o.fl. Hefði brotþoli reynt að róa hann niður.

Á einhverjum tímapunkti sagðist ákærði hafa ákveðið að fara inn á baðherbergi til þess að reyna að ná sér niður. Hefði hann lokað og læst dyrunum á eftir sér. Eftir að hann var kominn inn á baðherbergið hefði brotþoli viljað koma inn og hefði hann þá opnað fyrir henni. Ákærði hefði í framhaldinu rokið aftur út af baðherberginu, enda hefði hann viljað fá að vera í friði.

Aðspurður sagðist ákærði ekki minnst þess að hafa rekist utan í brotþola er hann fór út af baðherberginu. Þá neitaði hann að hafa ýtt á baðherbergishurðina með þeim afleiðingum að brotþoli hefði fallið aftur fyrir sig, svo sem honum væri gefið að sök í ákæru. Tók ákærði fram í því sambandi að hann hefði verið inni á baðherberginu og að baðherbergishurðin opnaðist inn en ekki út. Ákærði sagðist ekki muna hvað gerðist eftir að hann fór aftur út af baðherberginu. Til skýringar á skertu minni sínu af málsatvikum vísaði ákærði til ölvunarástands síns og þess tíma sem frá atvikunum væri liðinn. Það næsta sem ákærði sagðist muna væri þegar lögreglan hefði bankað upp á. Hann hefði í framhaldinu verið færður út úr íbúðinni í járnum.

Aðspurður kannaðist ákærði ekki við að hafa ítrekað ýtt brotþola utan í vegg íbúðarinnar um nóttina, líkt og honum væri gefið að sök í ákæru. Kvaðst ákærði telja mjög ólíklegt að það hefði hann gert þar sem hann hefði engan ásetning haft til þess að meiða brotþola, hvorki þessa nótt né í annan tíma. Ákærði hefði þvert á móti fengið útrás fyrir vanlíðan sína um nóttina á dauðum hlutum í íbúðinni samkvæmt áðursögðu.

Framburð sinn fyrir lögreglu sagði ákærði skýrast af því að hann hefði um morguninn vaknað í haldi lögreglu. Ákærði hefði aldrei áður verið í þeim aðstæðum. Hann hefði verið niðurbrotinn og ráðvilltur eftir ömurlegasta kvöld lífs síns. Sú líðan ákærða hefði litað framburð hans hjá lögreglu.

Samskipti sín og brotþola kvað ákærði vera mjög góð í dag. Þau væru ekki lengur í sambandi en væru góðir vinir og í tíðum og góðum samskiptum vegna barna sinna tveggja.

### III

Y, brotþoli í málinu, bar fyrir dómi að hún og ákærði hefðu umrætt kvöld farið á tónleika. Þegar heim var komið hefðu þau bæði verið orðin drukkin, ákærði þó sýnu

meira. Þau hefðu verið að tygja sig í háttinn þegar ákærði hefði skyndilega umturnast. Hann hefði vænt brotþola um að hafa verið sér ótrú og kallað hana öllum illum nöfnum. Ákærði hefði síðan rústað svefnherbergi þeirra og meðal annars rífið hurðir af skápum og kastað þeim að brotþola. Þau hefðu í kjölfarið rífast heiftarlega. Brotþoli sagði að í framhaldinu hefði ákærði ítrekað tekið í hana og ýtt henni utan í vegg í íbúðinni. Hefði hún ítrekað fallið í gólfið í þeim atgangi.

Í framhaldinu hefðu hlutir atvikast svo að brotþoli og ákærði fóru bæði að baðherberginu og hefði brotþoli ætlað að loka að sér þar inni. Þau hefðu verið að takast á um baðherbergishurðina þegar ákærði hefði ýtt í hurðina í þeim tilgangi að komast inn. Við það hefði brotþoli fallið aftur fyrir sig. Brotþoli kvaðst hafa lent ofan á vinstri hendinni í fallinu og strax fundið að höndin brotnaði. Sérstaklega aðspurð kvaðst brotþoli þess fullviss að ákærði hefði ekki ætlað sér að meiða hana. Eftir þetta hefði ákærði haldið áfram að eyðileggja innanstokksmuni. Er þarna var komið sögu kvaðst brotþoli ekki hafa séð annað í stöðunni en kalla eftir aðstoð lögreglu.

Brotþoli kvaðst hafa leitað sér aðhlynningar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vegna áverka sinna. Við skoðun og myndatöku hefði komið í ljós að hún var brotin á vinstri hendi. Auk handarbrotisins sagðist brotþoli hafa verið með marbletti og sár á rassinum, rispu á vinstri öxl og marbletti á olnbogum og hendi. Brotþoli bar aðspurð að hún væri búin að jafna sig að mestu á beinbrotinu. Afleiðingar þess hefðu ekki áhrif á daglegt líf hennar nú.

Brotþoli sagði sambandi þeirra ákærða vera lokið en þau ættu samt sem áður í góðum samskiptum í dag.

A, sérfræðingur í heimilislækningum, kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt, dagsett 2. apríl 2020, en efni vottorðsins er reifað í I. kafla dómsins. Fram kom hjá læknum að sjálfur hefði hann ekki skoðað brotþola heldur hefði hann ritað vottorðið eftir fyrirliggjandi læknanótum. Þá hefði hann einnig kynnt sér úrlestur röntgenmyndar sem tekin hefði verið af úlnliðsáverka brotþola. Í læknanótunum hefði komið fram sú saga brotþola að henni hefði verið hrint, hún dottið aftur fyrir sig og úlnliðsbrotnað í fallinu. Læknirinn sagði um minni háttar úlnliðsbrot hafa verið að ræða, sprungu í sveifarbeini á úlnliðnum. Áverkinn hefði komið skýrlega fram í úrlestri röntgenmyndarinnar en læknirinn hefði haft hann undir höndum við gerð vottorðsins. Áverkann kvað hann geta samræmst þeirri sögu sem brotþoli hefði gefið við skoðun

samkvæmt nótunum. Um meðferð brotaþola bar læknirinn að hún hefði verið sett í gifs og hún jafnað sig eftir það.

B lögreglumaður kvaðst hafa farið í útkall að heimili ákærða og brotaþola umrædda nótt. Íbúð þeirra kvað vitnið hafa verið í rúst þegar að var komið. Hlutir hefðu verið úti um allt og greinilegt verið að eitthvað hafði gengið á. Lögregla hefði rætt við bæði ákærða og brotaþola í einrúmi og að því loknu hefði verið tekin ákvörðun um að handtaka ákærða. Vitnið sagði ákærða hafa verið ölvaðan og það hefði brotaþoli einnig verið. Vitnið sagðist hafa tekið skýrslu af brotaþola á vettvangi þar sem meðal annars hefði komið fram hjá henni að ákærði hefði í fyrstu sakað hana um að hafa verið sér ótrúa. Ástandið hefði síðan stigmagnast og ákærði ýtt við brotaþola. Að lokum hefði hann ýtt brotaþola í gólfið og hún slasast við það.

C lögreglumaður kom einnig á vettvang á heimili ákærða og brotaþola umrædda nótt. Vitnið sagði allt hafa verið á hvolfi í íbúðinni og augljóst hefði verið að eitthvað var búið að ganga á. Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög ölvaðan. Brotaþoli hefði einnig verið ölvuð en þó ekki eins mikið og ákærði. Brotaþola sagði vitnið hafa verið í áfalli. Vitnið bar að það hefði rætt við ákærða sem kannast hefði við að hann og brotaþoli hefðu rifist. Ákærði hefði hins vegar neitað að hafa lagt hendur á brotaþola.

Þá gaf einnig skýrslu fyrir dómi D rannsóknarlögreglumaður en ekki þykir þörf á að rekja framburð hans sérstaklega.

#### IV

Ákærða er í málinu gefin að sök líkamsárás með því að hafa 3. febrúar 2019, að [...] í [...], ítrekað ýtt brotaþola, barnsmóður sinni og þáverandi sambýliskonu, þannig að hún lenti ítrekað utan í veggjum íbúðarinnar. Í kjölfarið hafi ákærði ýtt kröftuglega á baðherbergishurð, sem brotaþoli stóð og hélt við, með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig og lenti á vinstri hlið líkamans en í fallinu hafi brotaþoli borið fyrir sig vinstri höndina og hlotið brot á neðri enda sveifar og alnar.

Fyrir liggur að umrætt kvöld fóru ákærði og brotaþoli saman út að skemmta sér og var áfengi haft um hönd. Urðu þau bæði ölvuð en af framburði þeirra, þ.m.t. framburði ákærða fyrir lögreglu, og framburði C lögreglumanns fyrir dómi má ráða að ákærði hafi orðið sýnu ölvaðri en brotaþoli. Telur dómurinn að ölvunarstands ákærða og brotaþola, sérstaklega þess fyrrnefnda, sjáist skýr merki í lýsingum þeirra af atvikum.

Samkvæmt framburði ákærða og brotaþola reiddist ákærði brotaþola eftir að þau komu heim um nóttina og ljóst er af framburði þeirra og framlögðum ljósmyndum, sem lögregla tók í íbúð þeirra um nóttina, að í kjölfarið gekk hann berserksgang í íbúðinni.

Eins og að framan er rakið er hinni meintu líkamsárás ákærða skipt í tvo hluta í ákæru. Annars vegar er ákærða gefin að sök sú háttsemi að hafa ýtt ítrekað við brotaþola þannig að hún hafi lent utan í veggjum íbúðarinnar. Í ákæru er ekki vísað til þess að brotaþoli hafi hlotið áverka af þeirri háttsemi ákærða. Hins vegar er ákærða gefin að sök sú háttsemi að hafa ýtt kröftuglega á baðherbergishurð, sem brotaþoli stóð og hélt við, með þeim afleiðingum að brotaþoli féll aftur fyrir sig og lenti á vinstri hlið líkamans en í fallinu hafi hún borið fyrir sig vinstri hönd og hlotið brot á neðri enda sveifar og alnar.

Svo sem rakið er í köflum I og III hér að framan hefur brotaþoli frá upphafi haldið því fram að ákærði hafi umrædda nótt ítrekað tekið í hana og ýtt henni utan í vegg í íbúðinni. Í málinu liggja ekki frammi læknisfræðileg gögn eða önnur haldbær gögn til stuðnings þeim framburði brotaþola. Samkvæmt framansögðu neitar ákærði sök. Af gögnum málsins og framburði vitna er ljóst að engir aðrir en brotaþoli og ákærði geta verið til frásagnar um þessi atvik. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Þá metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Með vísan til þessa og þar sem framburður brotaþola hefur ekki stóð í framburði annarra vitna eða framlögðum gögnum þykir ákæruvaldinu ekki hafa tekist að sanna, gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi ítrekað tekið í hana og ýtt henni utan í vegg í íbúðinni. Verður hann því sýknaður af þeim sakargiftum.

Ákærða er samkvæmt framansögðu einnig gefið að sök í málinu að hafa ýtt kröftuglega á baðherbergishurð, sem brotaþoli stóð og hélt við, með þeim afleiðingum að brotaþoli féll aftur fyrir sig og lenti á vinstri hlið líkamans en í fallinu hafi hún borið fyrir sig vinstri hönd og hlotið brot á neðri enda sveifar og alnar. Ákæran fær hvað þessar sakargiftir varðar stóð í framburði brotaþola fyrir dómi, sbr. III. kafla hér að framan, og í skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu 23. október 2020, sbr. I. kafla dómsins. Í skýrslu sem brotaþoli gaf á vettvangi um nóttina lýsti hún atvikum hins vegar svo að ákærði hefði ýtt henni frá með baðherbergishurðinni, farið út af baðherberginu og síðan ýtt henni frá sér með þeim afleiðingum að hún féll í gólfið og slasaðist. Er áþekk lýsing brotaþola á

atvikum eftir henni höfð í læknanótu sem rituð var í tilefni komu hennar á slysadeild, sbr. vottorð A, sérfræðings í heimilislækningum, dagsett 2. apríl 2020, sem reifað er í I. kafla hér að framan, og framburð læknisins fyrir dómi, sbr. III. kafla dómsins.

Eins og rakið er í I. kafla dómsins bar ákærði fyrir lögreglu skömmu eftir hádegi sama dag og atvik máls gerðust að á hann hefði skyndilega runnið æði um nóttina og hann farið að skemma húsbúnað. Ákærði hefði síðan reynt að loka sig inni á baðherbergi en brotþoli reynt að stöðva hann. Ákærði hefði þá ýtt henni frá með baðherbergishurðinni og farið fram aftur. Hann hefði síðan ýtt brotþola frá sér með þeim afleiðingum að hún féll í gólfíð og slasaðist. Fyrir dómi neitaði ákærði hins vegar sök og kannaðist ekki við að hafa ýtt við brotþola umrætt sinn. Kvaðst ákærði ekki muna hvað gerðist eftir að hann fór aftur út af baðherberginu en til skýringa á skertu minni sínu vísaði ákærði til ölvunarástands síns og þess tíma sem frá atvikunum væri liðinn.

Samkvæmt framansögðu kannaðist ákærði við það þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu síðar sama dag og atvik máls gerðust að hafa ýtt við brotþola með þeim afleiðingum að hún féll í gólfíð og slasaðist. Fyrir dómi vildi hann hins vegar ekki við það kannast. Framburður ákærða hefur því ekki verið stöðugur hvað atvik þessi varðar. Að mati dómsins hefur ákærði engar haldbærar skýringar gefið á hinum breytta framburði. Brotþoli hefur aftur á móti frá upphafi haldið því fram að ákærði hafi ýtt við henni með þeim afleiðingum að hún féll og úlnliðsbrotnaði. Þó svo að framburður brotþola hafi ekki verið stöðugur um það hvort ákærði hafi ýtt við henni með baðherbergishurðinni eða einungis með höndunum telur dómurinn ljóst af framburði brotþola að ákærði hafi ýtt við henni af ásetningi.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið telur dómurinn sannað með framburði brotþola, sem stuðning fær í fyrrgreindu vottorði A, sérfræðings í heimilislækningum, framburði læknisins fyrir dómi og skýrslu ákærða hjá lögreglu, að ákærði hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir ýtt við brotþola af ásetningi með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig og hlaut brot á neðri enda sveifar og alnar (úlnliðsbrot). Rétt þykir að virtum framburði brotþola að meta afleiðingar lýstrar háttsemi ákærða honum til stórkostlegs gáleysis en ekki ásetnings. Þá telur dómurinn að það að í ákæru sé til þess vísað að ákærði hafi ýtt við brotþola með baðherbergishurð geti ekki leitt til sýknu hans af umræddum sakargiftum, enda er það mat dómsins að sú háttsemi að ýta við brotþola með höndunum einum saman falli nægjanlega innan verknaðarlýsingar í ákæru. Verður ekki talið að vörn ákærða hafi verið áfátt vegna

framsetningar sakargifta í ákæru, sbr. ákvæði 2. málslíðar 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt öllu þessu verður ákærði sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa ýtt við brotþola með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig og hlaut brot á neðri enda sveifar og alnar. Með þeirri háttsemi braut ákærði gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## V

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins er sakaferill ákærða enginn. Eins og að framan var rakið var ákærði í uppnámi þegar hann framdi brot sitt og þykir dóminum ljóst, meðal annars af framburði brotþola, að ásetningur ákærða hafi ekki verið einbeittur. Að þessu gættu og að atvikum máls að öðru leyti virtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Í ljósi þess að ákærði hefur ekki áður sætt refsingum og þess dráttar sem varð á rannsókn málsins þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

## VI

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotþola. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér skaðabótaábyrgð. Að mati dómsins eru skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 uppfyllt í málinu og á brotþoli því rétt til miskabóta úr hendi ákærða, sem þykja að því gættu að um beinbrot var að ræða, og að atvikum máls að öðru leyti virtum, réttilega ákvarðaðar 400.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af bótakröfunni fer svo sem í dómsorði greinir en af gögnum málsins verður ráðið að krafan hafi fyrst verið birt ákærða samhliða birtingu fyrirkalls 27. janúar sl.

Með úrskurði dómsins 19. mars sl. var Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður skipuð réttargæslumaður brotþola í málinu. Af þeim sökum eru ekki lagaskilyrði til þess að dæma brotþola málskostnað úr hendi ákærða, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heldur verður réttargæslumanni ákveðin þóknun samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 48. gr. sömu laga.

## VII

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þykir rétt að dæma ákærða til að greiða að fullu kostnað við öflun læknisvottorðs til staðfestu á úlnliðsbroti brotþola, 32.032 krónur. Með vísan til sýknu

ákærða af hluta sakargifta þykir rétt að gera honum að greiða helming þóknunar skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, en þóknun lögmannanna þykir eftir umfangi málsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir. Þóknun verjanda og réttargæslumanns greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði samtals 456.112 krónur í sakarkostnað, sem er helmingur þóknunar skipaðs verjanda hans, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, sem í heild ákveðst 565.440 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, helmingur þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, sem í heild ákveðst 282.720 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og kostnaður við öflun áverkavottorðs, 32.032 krónur.

Ákærði greiði brotþola, Y, 400.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. febrúar 2019 til 27. febrúar 2021, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Kristinn Halldórsson